

Um fóðurlöndur Bústólpa

Um Hráefnin og vinnsluna

Við framleiðslu á fóðri hjá Bústólpa eru einungis notuð hágæða hráefni og allt kapp lagt á að varðveita gæði hráefnanna sem best við vinnsluna.

Þar sem hráefnin eru náttúruleg getur breytileiki í efnainnihaldi þeirra verið nokkur frá ári til árs eða frá einni uppskeru til annarrar. Þannig er t.d. próteininnihald hveitis og byggs ekki staðlað og breytileiki nokkur milli sendinga.

Af þessum sökum eru uppskriftirnar alltaf til stöðugrar endurskoðunar og fínstillingar eiga sér stað til að tryggja að endanlegt innihald kjarnfóðursins sé ávallt það sama.

Fiskimjölið

Í fóðurlöndur Bústólpa er nú einungis notað hágæða Kolmunnamjöl frá Eskju. Kolmunnamjölið er til muna próteinríkara mjöl og af meiri gæðum en hefðbundið fiskibeinamjöl. Notkun þess tryggir auk þess jafnari gæði og til muna minni breytileika í lykt kjarnfóðursins milli sendinga eða framleiðslna.

Steinefni og snefilefni

Kúafóðurlöndur Bústólpa innihalda í dag vítamín- og steinefnapakkan "PRX Bústólpi KO" sem sérsniðinn er að þörfum mjólkurkúa á Íslandi og inniheldur þannig öll þau snefilefni sem nauðsynleg eru hámjólka kúm.

PRX Bústólpi KO



Þá er einungis notað lífrænt selen "Alkosele" í fóðrið, en rannsóknir hafa sýnt að upptaka og nýting selens á lífrænu formi er betri og hefur einnig jákvæð áhrif á upptöku annarra steinefna. Þannig hafa rannsóknir á kvígum einnig sýnt að lífræna selenið stuðlar ekki einungis að hraðari vexti heldur stuðlar það einnig að því að kvígurnar festi fyrr fang en ella.

Gæðaeftirlit og framleiðsluferlar

Auðk.nr: aIS-A102

Í ársbyrjun 2008 var tekið í notkun nýtt gæðakerfi hjá Bústólpa sem staðfest er af MAST. Gæðakerfið tryggir stöðugt eftirlit með framleiðslunni þar sem gripið er inni um leið og eitthvað viku út frá þeim vikmörkum sem gefin eru hvort heldur það er í kögglagæðum eða innihaldi hráefna. Með þessum vinnubrögðum hefur tekist að jafna gæði fóðursins til muna.

Haustið 2010 var tekin í notkun ný vinnslulína til framleiðslu, kögglnar og kælingar á fóðri. Ný tækni við fóðurgerðina var þá innleidd en auk þess að auka kögglagæði þá eykur hún fóðurgildi fóðursins. Á árunum 2008 og 2009 var skipt út öllum raf- og stýribúnaði verksmiðjunnar og breytingar gerðar á mötun snefilefna sem tryggja mun nákvæmari íblöndun en áður.

Verksmiðjunni er nú stýrt í heild með skjámyndakerfi þar sem öll blöndun og vinnsla fer fram útfra uppskriftum sem liggja inni í kerfinu. Þessi vinnubrögð hafa leitt af sér betra og jafnara fóður og til muna meira öryggi við framleiðsluna.